

Ed.

262. Nefndarálit

[123. mál]

um frv. til laga um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Frá 2. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Sjávarútvegsnefnd hefur haft frv. til athugunar. Hún hefur haldið um það nokkra fundi og fengið til viðræðna við sig forstjóra Efnahagsstofnunarinnar, Jónas H. Haralz, sem var oddamaður yfirnefndar um fiskverðið í vetur, og skýrði hann n. frá ýmsum útreikningum og athugunum, sem lágu til grundvallar verðlagningunni, og sjónarmiðum, sem frv. byggðist á, og fulltrúa fiskkaupenda, sem mæltu með meginefni frv. Þá mættu einnig á fundi n. fulltrúar fiskseljenda. Voru það í fyrsta lagi framkvæmdastjóri og erindreki L. Í. Ú., sem lýstu því yfir, að stjórn L. Í. Ú. hefði lýst sig samþykka frv. og að efni fiskverðssamkomulagsins hefði verið rætt á fundum útvegsmanna víðs vegar um land, án þess að andmæli hafi komið fram gegn því atriði þeirra, sem þetta frv. fjallar um. Í öðru lagi voru það fulltrúar sjómanna, þ. e. formaður Sjómannasambands Íslands, fulltrúi A. S. Í. í verðlagsráði og fulltrúi stjórnar Farmanna- og fiskimannasambandsins. Skýrðu þeir frá því, að andmæli gegn frv. lægju ekki fyrir af hálfu samtaka þeirra, og formaður Sjómannasambandsins lýsti því enn fremur yfir, að viðtækur skilningur á nauðsyn þessa máls væri fyrir hendi meðal sjómanna og hann gerði ekki ráð fyrir andúð á málinu af þeirra hálfu.

Í n. varð ekki samstaða um afgreiðslu málsins.

Undanfarin ár hefur verið einstakt góðæri til sjávarins og aflabrögð miklu meiri en nokkru sinni áður. Stórfelldar verðhækkanir á erlendum mörkuðum í mörg ár í röð hafa skapað hagstæðari söluskilyrði en áður hafa þekkzt.

Ytri skilyrði fyrir góðri afkomu útgerðarinnar og fiskiðnaðarins hafa því verið ákjósanleg, en mega sín því miður lítils gegn verðbólguþefnu ríkisstjórnarinnar. Óðaverðbólgan er bókstaflega að sliga sjávarútveginn, eins og raunar aðrar framleiðslugreinar landsmanna, þrátt fyrir þessi hagstæðu ytri skilyrði.

Þegar verðleggja skyldi þorskfiskafla nú um áramótin, var ljóst, að veruleg hækkun yrði að verða á fiskverðinu af þessum sökum. Varð það niðurstaða yfirnefndar verðlagsráðs, að verðið til bátanna yrði að hækka um 17%. Vafalaust mátti sú hækkun ekki minni vera, enda virðist á það skorta, að þetta verðlag tryggi eðlilega útgerð á þessari vertíð. En þá kom í ljós, að verkunarstöðvarnar og hraðfrystihúsin voru ekki talin geta staðið undir þeirri hækkun. Nú er það að vísu mjög misjafnt vegna aðstæðna, sem alkunnar eru og hér verða ekki raktar, hvaða fiskverði frystihúsin geta staðið undir, en í þessu frv. er engin viðleitni til að jafna þann aðstöðumun. Vafalaust er það rétt, að a. m. k. fjölmörg frystihúsanna höfðu ekki möguleika á að taka þessa hækkun alla á sig. Það er þó ekki vegna þess, að þau hafi á undanfórnum árum farið varhluta af þeim verðhækkunum, sem orðið hafa á mörkuðunum.

Meðalútflutningsverð hraðfrystra flaka var á árinu 1965 fjórðungi hærra en á árinu 1963 og verðlag óverkaðs saltfisks, sem er önnur aðalframleiðsluvaran, var fullum þriðjungum hærra 1965 en 1963.

En þessar miklu hækkunir hafa horfið í hit óðaverðbólgunnar.

Það á við um fiskiðnaðinn eins og aðrar framleiðslugreinar okkar, að undirrot þeirra erfiðleika, sem við er að fást, er óðaverðbólgan. En ríkisstjórnin hefur aldrei fengizt til að ráðast að rótum meinsins. Ráðstafanir hennar til að vinna gegn verðbólgunni hafa einungis verði kák og sýndarmennska. Broslegir eru tilburðir hennar, þegar hún með hátiðlegum alvörusvip ráðskast í því að lækka vexti um 1% eitt árið og hækkar þá aftur um 1% það næsta og segist með því vera að skapa jafnvægi í efnahagsmálum, án þess að það hafi minnstu áhrif á það verðbólguþál, sem geisad hefur látlaust hin síðustu ár.

Nú á að leysa vanda sjávarútvegsins með því að lækka útflutningsgjöld á þorskfiskafurðum, en hækka þau jafnmikið á síldarafurðum. Með þeim hætti á að færa tæpar 40 millj. króna milli þessara atvinnugreina. En óðaverðbólgan á að fá að halda áfram að grafa undan báðum. Hér er sýnilega tjaldað til einnar nætur.

Það er líka ástæða til að vekja athygli á því, að með millifærslu af þessu tagi er ekki verið að taka gróðann af síldariðnaðinum og síldarútveginum, gróða, sem vafalaust er talsverður hjá sumum, til að bæta upp þeim, sem lakast eru settir, heldur er verið að taka fé af öllum, sem við síldina fást, en afkoma þeirra er mjög misjöfn. Vitað er, að útgerð margra síldveiðiskipa hefur gengið illa og tekjur sumra síldveiðisjómannna hafa ekki numið meiru en kauptryggingu.

Ekkert liggur heldur fyrir um það, hvert verðlag muni verða á síldarafurðum á þessu ári, og allsendis óséð, hvort framkvæmanlegt verður að hækka á þeim útflutningsgjöldin, eins og frv. gerir ráð fyrir og nema mun sem svarar 10 kr. á hvert síldarmál.

Þar sem ekki þarf að gera ráð fyrir, að neitt, sem máli skiptir af síldarafurðum af framleiðslu þessa árs, verði hvort eð er flutt út fyrr en í sumar, er alveg ónaúdsynlegt að ákveða þessa hækkun, fyrr en betur verður séð, hvert síldarverðið getur orðið, enda mun Alþingi enn sitja að störfum í tvo mánuði. Hér er því um nýtt frumhlaup að ræða á borð við bráðabirgðalögin frá því í sumar, sem ríkisstjórnin gafst upp við að framkvæma, þótt vonandi sé, að það fái ekki eins hörmullegar afleiðingar og þau, að stöðva allan síldveiðiflotann.

Það skal á hinn bóginn, eins og áður segir, sízt dregið í efa, að frystihúsin yfirleitt og fiskverkendur þurfi a. m. k. ámóta stuðning og þeim er ætlaður með frv. þessu, en hann hefði að okkar dómi betur verið í öðru formi. Viljum við í því sambandi minna á fyrri tillögur þingmanna Framsóknarflokksins um minnkadur álögur og aukinn stuðning við fiskiðnaðinn, s. s. lækkun vaxta, aukningu afurðalána o. fl., en slíkar tillögur þjóna því jákvæða markmiði að draga úr tilkostnaði við framleiðsluna í stað þess að velta byrðunum af einni grein á aðra, eins og þetta frv. gerir ráð fyrir.

Nauðsyn þess að snúa við á braut óðaverðbólgunnar er svo augljós, að ekki ætti að þurfa að færa að því frekari rök. Af hálfu þm. Framsóknarflokksins hafa oftar en einu sinni við svipuð tækifæri og nú verið bornar fram tillögur um, að allir þingflokkar snúi sér sameiginlega að því verkefni, en þær tillögur hafa verið hunzaðar af ráðandi meiri hluta. Hann einn ber ábyrgð á því ástandi, sem skapazt hefur hjá framleiðsluatvinnuvegunum í mesta góðæri í manna minnum.

Eins og aðrar atvinnugreinar eiga nær allar greinar sjávarútvegsins við vaxandi erfiðleika að striða vegna verðbólgunnar. Nefnd hefur verið sett á fót til að leita hjargráða fyrir þann meginhluta bátaflotans, sem er undir 120 tonna stærð. Togararnir hafa engan rekstrargrundvöll. Aðeins stærstu síldarbátarnir ganga sæmlega enn þá, en ef áfram heldur sem horfir efnahagsmálastefnunni í landinu, mun verðbólgan einnig kippa grundvöllinum undan rekstri þeirra fyrr en varir.

Þetta verður ekki lagað með tilfærslu á útflutningsgjöldum fremur en verð-

bólgan verður hamin með því að hringla með vextina. Aðeins raunhæfar ráðstafanir til að hafa hemil á dýrtíðinni fá hér nokkru um þokað. En til slíkra ráðstafana hefur ríkisstjórnin verið ófáanleg.

Fulltrúar samtaka sjómanna og útvegsmanna lýstu afstöðu samtaka sinna þannig, að ekki er að sjá, að þau vænti aðgerða í þá stefnu frá ríkisstjórninni, því að ekki varð annað ráðið af ummælum þeirra en að samstaða væri í samtökum útvegsmanna og allvíðtæk samstaða í samtökum sjómanna einnig um þau bráðabirgðaúrreði, sem í frv. felast. Að svo vöxnu sjáum við ekki ástæðu til að leggjast gegn framgangi frv., en munum ekki heldur ljá því stuðning okkar. Munum við halda áfram viðleitni okkar hér á háttv. Alþingi til að skapa grundvöll fyrir nýrri og heilbrigðri stefnu í efnahagsmálum.

Alþingi, 23. febr. 1966.

Helgi Bergs, Ólafur Jóhannesson.
frsm.